

**3231. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
14. desember 2017 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1611136 - Starfshópur um samráð og stefnumótun aldraðra

Starfshópurinn um samráð og stefnumótun aldraðra vísar lokaskýrslu sinni til bæjarráðs. Með lokaskýrslunni telur starfshópurinn sig hafa lokið sínu starfi enda hefur hann unnið þau meginverkefni sem komu fram í erindisbréfi sem bæjarráð setti honum.

Bæjarráð frestaði afgreiðslu málsins á síðasta fundi sínum og er því málið lagt fyrir að nýju.

Svala Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð leggur til breytingar á samþykkt fyrir öldungaráð Akraness sem verða lagðar fyrir á næsta fundi ráðsins.

Gert er ráð fyrir að öldungaráðið verði skipað og taki til starfa að loknum bæjarstjórnakosningum 2018. Laun vegna starfa ráðsins á árinu 2018 verður ráðstafað af liðnum 21030.

Bæjarstjóra falin frekari úrvinnsla málsins m.a. vegna nauðsynlegra breytinga sem gera þarf á samþykkt um stjórn og fundarskóp Akraneskaupstaðar.

VPG víkur af fundi og tekur ekki þátt í afgreiðslum annarra erinda á fundinum.

2. 1711143 - Lækjarflói 9 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn vegna starfsmannabústaða - Flóahverfi

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið, m.a. með hiliðsjón af þeim fordæmum sem þegar liggja fyrir í tilteknum sveitarfélögum þar sem sams konar fyrirkomulag hefur verið heimilað af skipulagsyfirvöldum.

Vakin er sérstök athygli umsækjanda á að úthlutun lóða af hálfu bæjarráðs getur aðeins átt sér stað samkvæmt gildandi skipulagi sem tekur m.a. til fyrirkomulags vegna greiðslu gatnagerðargjalda. Breyta þarf skipulagi (aðal- og deiliskipulagi) vegna fyrirhugaðra nota félagsins af lóðunum og sú málsmeðferð fer fram í skipulags- og umhverfisráði.

*SPH
JY*

Bæjarráð telur það tímabil sem fram kemur í umsókninni um fyrirhuguð not á lóðinni, þ.e. þrjú til fimm ár vera langt og telur skynsamlegra að veita það til skemmri tíma og e.a. framlengja ef tilefni telst til.

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar með framangreindum skilyrðum og vísar málínu til frekari málsmeðferðar í skipulags- og umhverfisráði.

3. 1711144 - Lækjarflói 7 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn Munck um byggingarlóð við Lækjarflóa 7. Umsóknargjald

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið, m.a. með hliðsjón af þeim fordænum sem þegar liggja fyrir í tilteknum sveitarfélögum þar sem sams konar fyrirkomulag hefur verið heimilað af skipulagsyfirvöldum.

Vakin er sérstök athygli umsækjanda að úthlutun lóða af hálfu bæjarráðs getur aðeins átt sér stað samkvæmt gildandi skipulagi sem tekur m.a. fyrirkomulags vegna greiðslu gatnagerðargjalda. Breyta þarf skipulagi (aðal- og deiliskipulagi) vegna fyrirhugaðra nota félagsins af lóðunum og sú málsmeðferð fer fram í skipulags- og umhverfisráði.

Bæjarráð telur það tímabil sem fram kemur í umsókninni um fyrirhuguð not á lóðinni, þ.e. þrjú til fimm ár vera langt og telur skynsamlegra að veita það til skemmri tíma og e.a. framlengja ef tilefni telst til.

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar með framangreindum skilyrðum og vísar málínu til frekari málmeðferðar í skipulags- og umhverfisráði.

4. 1712047 - Almannavarnarnefnd í umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi

Erindi/hvatning Lögreglustjórans á Vesturlandi um sameiningu almannavarnanefnda á Vesturlandi.

Bæjarráð áréttar fyrri afstöðu sína frá 12. nóvember 2015 varðandi fyrirkomulag almannavarnanefnda á Vesturlandi að á svæðinu sé ein almannavarnarnefnd.

Bæjarráð vísar erindinu til umfjöllunar í bæjarstjórn.

5. 1712076 - Þorralót Skagamanna 2018 - íþróttahús og.fl.

Erindi Club 71 um Þorralót Skagamanna 2018.

SFP víkur af fundi undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir að taka áfram þátt í vali á Skagamanni ársins og að leggja Club 71 endurgjaldslaus afnot á íþróttahúsinu á Vesturgötu laugardaginn 20. janúar næstkomandi vegna Þorralóts Skagamanna.

SFP tekur sæti á fundinum á ný.

SI
OA

6. 1705204 - Sementsskorsteinn - málefni

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð, að gerð verði skoðanakönnun meðal íbúa Akraness um hvort fella skuli strompinn eða ekki.

Bæjarráð óskar eftir uppfærðum kostnaðartölum vegna viðhaldsparfar á mannvirkinu og frestar afgreiðslu málsins.

**7. 1704138 - Langtímoveikindi starfsmanna 2017 - ráðstöfun fjármuna
(veikindapottur)**

Umsóknir stofnana Akraneskaupstaðar í veikindapott vegna tímabilsins september til og með desember.

Jafnframt þarf að taka endaleg ákvörðun um úthlutun vegna ársins þar sem einungis er búið að úthluta þriðjung umsókna af árinu.

Bæjarráð samþykkir úthlutun úr veikindapotti vegna kostnaðar stofnana við afleysingar sem er tilkomin vegna veikindaforfalla starfsmanna.

Ráðstöfun fjármuna vegna þessa verður afgreitt með gerð viðauka en umsóknir eru um 13 mkr. umfram áætlaða fjárhæð í fjárhagsáætlun 2017.

Heildarúthlutun til stofnana Akraneskaupstaðar vegna veikindaforfalla starfsmanna er samtals um 44,2 mkr.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 09:55.

*Olafr Ólafsson
Fagst. Þalmadott.
Rannsósp. laður
Vilborg P. Guðbjartsd.
Ingríður Vulfmarsd.
Sæm Freyr Bróður
Sæma Helga Guðrún*